Fiski - Rannsóknir - Ráðgjöf
Jón Kristjánsson, nóvember 2016


Laxá á Ásum
Rannsókn á seiðabúskap 18-19. júlí 2016

Inngangur

Hitafar vorið 2016 var hagstætt þroska sjógönguseiða og tímasetningu göngu þeirra til sjávar. Gott vatn var á göngutíma seiða mánaðarmót maí júní. Sumarið var mjög þurrt og fór ekki að rigna fyrr en í annarri viku september. Virkjunin var ekki starfrækt og fullt rennsli var á allri ánni. Veiðin á NV- landi fór vel af stað, góðar göngur voru af stórlaxi en smálaxagöngur voru með minna móti. Seiðarannsóknir fóru fram 18. og 19. ágúst við ágæt skilyrði. Það er einum mánuði fyrr en fyrir ári og ber að taka tillit til þess þegar borinn er saman vöxtur seiða nú og í fyrra. Síritandi hitamælir var settur niður við Holt og skráði hann hitann frá 22. apríl til 18. júlí 2016.

Laxveiðin 2015

620 laxar veiddust 2016, um 400 var sleppt aftur. Veiði var illa skráð í fremri Laxá, 5 laxar voru skráðir. Sagt er að nokkuð hafi veiðst af laxi í Laxárvatni.
Veiðin í nágrannaánum 2016 sveiflaðist líkt og í Laxá, minnkaði talsvert frá 2015. Þetta sést á mynd 1. Sami stígandi og fallandi hefur verið í Laxá, Víðidalsá og Vatnsdalsá frá 2008.
Afli í Laxá féll mest milli ára frá í fyrra.




Mynd 1. Laxveiði í Víðidalsá, rautt, Vatnsdalsá, grænt og Laxá á Ásum, blátt, 2000-2016. Þessar ár sveiflast allar í sama takti og veiðin í þeim hefur verið svipuð síðustu árin.

Niðurstöður seiðarannsókna

Tafla 1 sýnir fjölda laxaseiða á þeim 6 stöðvum sem veitt var á. Einungis veiddust 7 urriðaseiði.

Stöð nr.	Heiti	Dags	Stærð	Aldur							
				0+		1+		2+		Samtals	Þéttleiki
			m²	Fj	ml	Fj	ml	Fj	ml		Fj /100 m²
1	Skotti	19/7	50	49	3.4	8	6.8	7	9.7	64	128
2	400 m neðan Skotta	19/7	50	21	3.2	6	6.0	10	8.5	37	74
3	Tumi	19/7	25	14	3.0	6	5.8	4	9.1	24	96
4	Neðan Krókhyls	18/7	40	16	3.2	5	5.6	5	8.9	26	65
5	Holt	19/7	40	19	3.5	13	5.9	7	9.3	39	98
6	Húnsstaðahorn	19/7	40	36	3.5	12	6.3			48	120
	Samtals:		245	155	3.3	50	5.9	33	8.9	238	97
	Fj /100m²			63		20		13			

Tafla 1. Fjöldi veiddra laxaseiða í einni yfirferð á stöðvum 1-6 í Laxá á Ásum 2016



Mynd 2. Lengdardreifing veiddra laxaseiða 2016, bláu súlurnar lengst til vinstri. Einnig er sýndur fjölda veiddra laxaseiða 2014 og 2015. Gröfin eru í sama skala til að auðvelda samanburð. Flatarmál sýnatökusvæða var svipað öll árin, um 250 m². Meira er af seiðum í öllum stærðarflokkum 2016 en árin þar á undan.

Þéttleiki seiða var sá mesti sem mælst hefur (tafla 2). Mikið var af öllum stærðum á öllum stöðvum þar sem sýni voru tekin. Vöxtur seiða var góður og ástand stærri seiða óvenju gott. Ekki fundust 3 ára seiði, stóru seiðin voru öll 2 ára sem er óvenju góður vöxtur. Þetta góða ástand skýrist af hlýju sumri, miklu slýi, þar með aukinni fæðu og meira skjóli fyrir seiði, svo og jöfnu rennsli á efri hluta árinnar eftir að rekstri Laxárvirkjunar var hætt. Verði tíðarfar næsta vor jafn hagstætt og það var í ár má búast við góðum göngum í ána 2018.

Ástand og fjöldi seiða á einstökum veiðistövum

Stöð 1. Skotti

Mjög mikið af seiðum af öllum aldursflokkum. Mest var af vorgömlum seiðum en einnig mikið af stórum seiðum. Langar dræsur af grænu slýi, sem stafar líklega af því að fullt rennsli hefur verið á þessum kafla í 2 ár.



Mynd 3. Skotti



Mynd 4. Seiði úr Skotta. Mjög mikið af stórum seiðum í góðum holdum.

Stöð 2. 400 m neðan við Skotta
Hér er fremur fínn botn miðað við svæðið í heild. Hér var mjög mikið af stórum seiðum, 2 ára, og eðlilegt magn af eins árs og sumargömlum seiðum. Mjög mikið slý.



Mynd 5. Seiði af stöð 2.

Stöð 2. Tumi
Veiðistaðurinn Tumi er manngerður og er þröskuldur sem liggur þvert yfir ána. Hann brýtur ekki strauminn en myndar foss án þess að grafa hyl fyrir neðan.
Þarna var mikið af seiðum af öllum árgöngum.



Mynd 6. Tumi



Mynd 7. Seiði úr Tuma. Stöðin var aðeins 25 m².

Stöð 4. Neðan við Krókhyl.
Mikið af seiðum. Botninn sleipur og gróinn.

Stöð 5. Holt
Yfirdrifið af seiðum af öllum stærðum. Svæðið er grunnt og smágrýtt. Hlutfallslega var meira af stórum seiðum, eins og tveggja ára, en oft áður.



Mynd 8. Seiði frá Holti, 7 stærstu eru 2 ára, þá koma 1 árs í sömu línu og 0+ seiði eru neðst. Seiðin eru í mjög góðum holdum.




Stöð 6. Húnsstaðahorn
Veitt var á þessari stöð árið 2013. Veitt var 120 m² svæði og veiddust aðeins 15 seiði sem tilsvarar 8 seiðum á 100 m². Núna veiddist þarna mjög mikið, alls 48 seiði á 40 m² svæði eða 120 seiði á hverja 100m². Eingöngu veiddust 0+ og 1+ seiði.



Mynd 9. Seiði veidd við Húnsstaðahorn

Þróun á seiðaþéttleika frá 2000

Þetta sést í töflu 2 og á mynd 10. Vorgömlum seiðum (0+) hefur fjölgað mjög mikið síðustu ár og fjöldi eins og tveggja ára seiða er einnig vaxandi. Engin 3 ára seiði veiddust 2016, þau eru gengin til sjávar. Vöxtur 2 ára seiða er betri en hann hefur verið áður.




Mynd 10. Þróun í fjölda seiða 2000- 2016. Bláa línan sýnir 0+, græna línan 1+ og sú rauða sýnir tveggja ára seiði.

Ár	Fjöldi seiða á 100 m²				
Aldur:	0+	1+	2+	3+	Samt
00	2	4	2		9
01	9	6	5		21
02	2	4	3	1	10
03	8	7	1		16
04	9	9	3		21
05	20	5	2		27
06	14	13	3		30
07	30	11	7	1	49
08	32	9	4	1	46
09	14	16	9	1	40
10	64	13	10		88
11	41	13	7	1	62
12	16	10	4	1	31
13	9	19	10	6	43
14	33	10	6	1	49
15	36	13	4	3	56
16	63	20	13		97


Tafla 2. Mældur seiðaþéttleiki í Laxá á Ásum 2000-2016.

Vatnshiti

Vatnshiti var mældur með síritandi hitamæli á þriggja tíma fresti 24. apríl - 18. júlí
Vatnshitinn í maí og júní er mikilvægur fyrir gönguseiði sem eru að búa sig undir sjávargöngu.
Hitinn 2016 var hagstæður þroska og niðurgöngu seiða svo búast má við eðlilegum göngum af eins árs laxi 2017



Mynd 11. Vatnshiti í Laxá á Ásum 22/4-1/7 2016.
Mælt var á þriggja tíma fresti, 12.00, 15.00 o.s.frv. Hægri ásinn sýnir hita frá 1-20 °C. Dægursveiflur geta verið miklar þegar sólin skín, eða allt að 7 gráður frá morgni til hádegis. Hitinn í júní var hár, lengst af 13-18 gráður og skýrir að hluta hina miklu slýframleiðslu í ánni.



Mynd 12. Samanburður á vatnshita að vori árin 2015 og 2016. Rauð lína er 2016, blá 2015. Hitinn var miklu hagstæðari nú í vor en hann var vorið 2015.